

SPENNISTÖÐIN

áfangaskýrsla húsráðs

október 2016

Skóli

Félagsmiðstöð

Menningarmiðstöð



Húsráð spennistöðvarinnar 2014-2016:

Benóný Ægisson, fulltrúi íbúa

Friðmey Jónsdóttir, fulltrúi félagsmiðstöðvar 100og1

Hildur Sveinsdóttir, fulltrúi foreldra

Pétur Hafþór Jónsson, fulltrúi Austurbæjarskóla,

Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir, fulltrúi unglinga,

Dagmar Óladóttir, fulltrúi ungmenna,

Hrólfur Eyjólfsson, fulltrúi unglinga

Jóhann Páll Einarsson, fulltrúi ungmenna

Lóa Auðunsdóttir, fulltrúi hinna skapandi greina

Bakhópur 2014-16:

Birgitta Bára Hassenstein, foreldri og íbúi

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Kamps (lét af störfum 31.7.2016)

EFNISYFIRLIT:

1. TILLÖGUR HÚSRÁÐS	4
2. SAMANTEKT	6
3. MÁLEFNI MIÐBORGARINNAR.....	7
4. HVAÐA HÚS ER ÞETTA ?	7
5. HÚSRÁÐ SPENNISTÖÐVARINNAR	8
6. HUGMYNDAFRÆÐIN	8
7. NÝTING Á HÚSNÆÐINU	8
8. HVAÐ NÆST ? framtíðarsýn, hindranir og tækifæri	10
9. VIÐAUKAR	13

Viðauki 1 Bókun Borgarráðs 17. september 2014

Viðauki 2 Álit frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, umsjón og rekstur.

Viðauki 3 Manifestó Spennistöðvarinnar

Viðauki 4 Umgengnisreglur

Viðauki 5 Leigusamningur

Viðauki 6 Gátlisti við frágang

Viðauki 7 Nýting fastir tímar Spennistöðin haust 2016

TILLÖGUR HÚSRÁÐS

FRAMTÍÐARSÝN

- **Spennistöðin er félags- og menningarmiðstöð miðborgarinnar.** Hún er einstök og þarf að þróast eftir óskum og þörfum notendanna sem eru íbúar miðborgarinnar. Íbúarnir eiga að hafa áhrif á stjórn Spennistöðvarinnar og stefnu.
- **Uppbygging Spennistöðvarinnar er liður í eflingu miðborgarinnar sem íbúahverfis.** Hugmyndafræði Spennistöðvarinnar fellur vel að þeim anda sem kynntur er í drögum stýrihóps um málefni Miðborgarinnar. Blómleg íbúabyggð og fjölskyldulíf í miðborginni er ekki síst ein mikilvægasta undirstaða öflugrar, aðlaðandi og fjölbreyttrar miðborgar. Fleiri svið og skrifstofur borgarinnar geta komið að fjármögnun hennar, ýmist með sérstökum rekstrarsamningum eða styrkjum.
- **Spennistöðin er í umsjón Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og er lagt til nægjanlegt rekstrarfé í samræmi við þarfagreininu Tjarnarinnar hverju sinni.** Hugmyndafræði Spennistöðvarinnar fellur ákaflega vel að þeim hugmyndum sem kynntar eru í tillögum Reykjavíkurborgar um frístundapjónustu í Reykjavík 2016-2025. En þar er m.a. kynnt framtíðarsýn í þá átt að opna húsnæði meira og vera í auknu samstarfi við íbúa og félagasamtök í hverfinu í gegnum frístundamiðstöðvarinnar.
- **Hlutverk og ábyrgð, starfs- og valdsvið Húsráðs er skýrt. Húsráðið er jafnframt samráðsvettvangur notenda Spennistöðvarinnar.** Nýtt Húsráð er valið reglulega og gert er ráð fyrir samráðsfundum Húsráðs með stjórnendum frístundamiðstöðvar og skóla til að meta stöðuna, endurskoða umgengnis og afnotareglur og fara yfir praktísk mál.
- **Samnýting, samþætting, organísk þróun og sjálfbærni** er eins og rauður þráður hvað varðar nýtingu hússins og þróun starfseminnar og framtíðar uppbyggingu Spennistöðvarinnar. Húsnæðið mótist og þróist í takt við þarfir notenda, skóla, frístundar, barna, ungmenna og íbúa hverfisins.
- **Bakland Spennistöðvarinnar er tryggt.** Í bakhópi Húsráðs er skólastjóri Austurbæjarskóla og framkvæmdastjóri Tjarnarinnar. Bakhópurinn situr fundi Húsráðsins eins oft og þurfa þykir. Bakhópurinn ásamt fulltrúa Húsráðs getur kallað saman stuðnings- og stefnumótunarhóp sem í sitja sviðsstjórar og formenn ráða Reykjavíkurborgar eftir aðstæðum og þörf. (Í dag hefur Húsráðið ekki skýrt umboð til að taka stefnumótandi ákvarðanir t.d. um rekstur, framkvæmdir og kaup á búnaði, því það er einungis ráðgefandi notendaráð og þarf því að tryggja á einhvern hátt að hugmyndir notendanna komist til framkvæmda eða að minnsta kosti til umræðu hjá þeim sem ákvarðanir taka.)

FRAMKVÆMDIR OG BÚNAÐUR

- **Fjármagni í fjárhagsáætlun næsta árs verði veitt til hönnunar næsta áfanga í uppbyggingu Spennistöðvarinnar í nánú samstarfi og samráði við húsráð og stjórnendur Austurbæjarskóla og Tjarnarinnar.** Þar þarf að huga að því að hólfa húsnæðið niður að einhverju leyti til að auka nýtingamöguleika þess því þá gæti margskonar starfsemi farið fram samtímis.
- **Gert verði innangengt milli Austurbæjarskóla og Spennistöðvar og mynduð yrðu fleiri rými, m.a. tónlistarherbergi.** Húsráð Spennistöðvarinnar sendi erindi þessa efnis 25. mars 2015 til S.F.S. Skólinn telur þetta geta skipt sköpun varðandi nýtingu húsnæðisins.
- **Lýsing í Spennistöðinni verði bætt og endurhönnuð** í samráði við stjórnendur og notendur hússins. Grunnlýsing er ekki góð í salnum, og engin sveigjanleiki í lýsingu en góð lýsing hefur mikið að segja um nýtingu og líðan í rýminu. Einnig þarf að huga að sviðslýsingu fyrir hina ýmsu viðburði. Unnin verði áætlun og viðmið um samnýtingu búnaðar, byggð á þörf notenda hússins.

FJÁRMÖGNUN

- **Frístundamiðstöðinni Tjörninni og verði lagt til nægjanlegt rekstrarfé til að standa straum af grunnkostnaði.** Tryggja verður nægt fé í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar til að standa undir starfsmannahaldi, þrifum, viðhaldi og öðrum þáttum er lúta að rekstri.
- **Sótt verði fé til starfsemi Spennistöðvarinnar í nýjan Miðborgarsjóð.** Spennistöðin er tilraunaverkefni sem tekur mið af sérstöðu íbúa miðborgarinnar. Sótt verði um styrki eða gerður verði þjónustusamningur um 3ja ára rekstur Spennistöðvarinnar. Spennistöðin er enn í þróun og mikilvægt er að tryggja samstarf og aðkomu ólíkra sviða borgarinnar um starfsemina, auk skóla- og frístundasviðs.

NÝTING Í ÞÁGU ÍBÚA

- **Verkefnið Heil brú varð til að frumkvæði íbúa og starfar í anda forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og heilsueflandi borgar.** Áfram verði unnið með hugmyndafræði verkefnisins Heil brú í Spennistöðinni þar sem markmiðið er að bæta hverfisandann og samheldnina í hverfinu með því m.a. að halda smiðjur og málþing þar sem íbúar hafa orðið á laugardögum og þær eru ætlaðar öllum íbúum í miðborginni, óháð aldri, uppruna og skoðunum. Við ræðum, sköpum og leikum saman og öll fjölskyldan er velkomin. Fókus er á aukna samvinnu og samþættingu, samstarf við íbúa, valdeflingu og virkni borgaranna með aukinni samkennd, með félagsauð og betri félagslega og andlega heilsu að markmiði. Fleiri samverustundir fjölskyldna, þar sem kynslóðir mætast í hverfinu.
- **Ráðinn verði brúarsmiður, sameiginlegur starfsmaður eða starfsmenn skóla- og frístundar** sem vinna jafnt með nemendum í skóla og frístundastarfi. Þessi starfsmaður / starfsmenn væru með viðveru í skólanum að deginum og Spennistöðinni að skóla loknum. Hlutverk hans væri m.a. að starfa með nemendum að lýðræðis-, mannréttinda-, félagsauðs- og forvarnarverkefnum í samstarfi við skólaráð, foreldrafélag, nemendafélag og þjónustumiðstöð hverfisins. Hann yrði jafnframt umsjónarmaður og tengiliður hinna ýmsu notenda Spennistöðvarinnar. Minnisblað húsráðs vegna Spennistöðvar vegna sérstaks starfsmanns Spennistöðvarinnar var sent stjórnendum SFS í mars 2015.
- **Áfram verði lögð áhersla á að foreldrar hafi forgang á föstum tímum í Spennistöðinni** til að halda bekkjarafmæli, bekkjarkvöld eða skemmtanir án endurgjalds, eða gegn lágmarksgjaldi eða frjálsum framlögum. Bekkjarafmæli yngstu barna er gríðarlega mikilvægur liður í félagslífi þeirra. Það er gott að geta jafnað aðstöðumun yngstu barnanna með þessum hætti.

“Þið fáið félagsmiðstöð”

Jón Gnarr borgarstjóri við krakkana 28. nóv. 2013

“Til gleði fyrir íbúana”

skrifstofustjóri frístundaskrifstofu S.F.S. 26. sept. 2014

SAMANTEKT

Spennistöðin var opnuð í 28. nóvember 2014. Húsráð metur það svo að ágætlega hafi tekist að starfa samkvæmt hugmyndafræði Pennistöðvarinnar. Margt hefur gengið vel, en áskoranir hafa líka verið margar. Krakkarnir fengu svo sannanlega félagsmiðstöð og þó ýmislegt vanti upp á búnað, þá er tilkoma Pennistöðvarinnar bylting fyrir krakkana og starfsemi félagsmiðstöðvarinnar hefur aldrei verið skemmtilegri segja þau.

Skólinn þarf lengri tíma til að samþætta Pennistöðina inn í skólastarfið og gera ráð fyrir henni við gerð stundaskrár. Ýmsar breytingar eiga sér stað núna í skólastarfinu sem gætu ýtt undir meiri nýtingu umsjónarkennara á Pennistöðinni. Fulltrúum nemenda finnst skólinn ekki nýta Pennistöðina nógu vel, sáu gjarnan að fleiri kennarar myndu nýta sér svæðið og gera hluti sem ekki væri hægt að gera í lítilli kennslustofu, brjóta svolítið upp kennsluna. Starfsfólki skóla finnst mörgum hindrun að ekki sé innangengt, lýsing sé ekki góð og að búnaður sé af skorum skammti. Á tveimur árum hefur tvívegis verið skipt um stjórnendateymi við skólann og það hriktir eðlilega í stoðum skólastarfs þegar skólastjóranskipti eiga sér stað, hvað þá eftir 25 ár. Það er því eðlilegt að skólinn þurfi lengri tíma.

Húsráð fór mjög hægt af stað í að kynna húsið og opna það almenningi og hefur gert það í smá áföngum. Það þótti mikilvægast að félagsmiðstöðin fyrir nemendur kæmist vel á legg í húsinu, að félagsmiðstöðin og skólinn fengju að þreifa sig áfram með samnýtinguna. Búnaður var af skorum skammti í byrjun, en húsráðið lagði áherslu á að koma upp góðu hljóðkerfi, ágætum skjá og koma fyrir nokkrum sófum, borðum og stólum og læsanlegum skápum. Í vetur hefur aðeins bæst í búnaðinn en Pennistöðinni áskotnuðust fleiri stólar og samanbrjótanleg borð. Einnig hafa bæst við skápar, bakarofn og gott vinnuborð í anddyri hússins, og nýtist anddyrið nú betur sem fjölnotasmíðja og fundaraðstaða. Húsráðið opnaði fyrir afmæli og bekkjarkvöld og árgangaskemmtanir sem foreldrar sjá um, stundum í samstarfi við kennara. Ákveðið var að prófa sig áfram með að gera leigusamninga við nokkra aðila um föst afnot af húsnæðinu, eins og leiklistar- og dansnámskeið. Síðan var gerður afnotasamningur við grasrótarhóp innflytjenda sem eru að stíga sín fyrstu skref í þróun félagsmiðstöðvar fyrir pólsk ungmenni.

Eins og fyrr segir var íbúum ekki formlega boðið að nýta sér Pennistöðina frá opnun hennar en í haust fór að stað kynning á Pennistöðinni undir merkjum Heillar brúar. Á laugardögum eru smíðjur og málþing auk þess sem Íbúasamtökin halda stjórnarfundir sína í Pennistöðinni þegar því verður við komið en það getur reynst erfitt ef danskennsla eða afrískur trumbusláttur berst úr salnum. Nýting húsnæðisins til gleði fyrir íbúana er því á uppleið og fleiri og fleiri eru farnir að gera sér grein fyrir kostum þess að hafa slíkt íbúahús, sérstaklega í hverfi sem hefur óteljandi samkomustaði en engan þó.

Á þessum árum 2012-2014 var vitað að það væri til fé til framkvæmda en ekkert til aukins reksturs. Ekkert fjármagn fylgdi húsinu til aukins reksturs eða umsýslu, einungis til þrifa. Nú er aðrir tímar og nú með tilkomu nýs miðborgarsjóðs og áherslu á borgarinnar á málefni miðborgarinnar opnast nýjar leiðir til að styðja myndarlega við eina hverfisskólann, setja velferð barna og fjölskyldna í Miðborg í fókus, eflingu íbúabyggðar og fjölskyldulífs í hverfinu, öllum til hagsbóta.

3. MÁLEFNI MIÐBORGARINNAR.

Austurbæjarskóli er eini hverfisskólinn í íbúahverfinu Miðborg. Skólinn er elsti starfandi barnaskóli Reykjavíkur sem starfar enn í sama húsnæði. Austurbæjarskóli er að hluta friðaður og ekki er einfalt að uppfylla ákvæði laga og viðmiða um almennan útbúnað í skólahúsnæði. Skólinn er fjölmenningarlegur skóli, þar sem manngildið hefur verið metið ofar en umgjörð. Austurbæjarskóli er heilsueflandi grunnskóli, en í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag.

Í miðbænum er erfitt að koma auga á eitthvað eitt sem sameinar eða tengir saman íbúa, eða fjölskyldur líkt og í mörgum öðrum hverfum. Íbúar líta margir á sig sem þorpsbúa en aðrir hafa stutta viðdvöl í hverfinu. Styrkur Austurbæjarskóla felst í sögunni, menningunni og mannauðnum sem býr í skólasamfélaginu. Bakland barnanna er gríðarlega fjölbreytt hvort sem litið er til félagslegrar eða fjárhagslegrar stöðu foreldra, menntunarstigs eða uppruna. Austurbæjarskóli er allskonar, eins og lífið sjálft og það er áskorun. Mikil tækifæri felast í Austurbæjarskóla sem hjarta í hverfinu til eflingar samstarfs og samkenndar um börn og ungmenni í hverfinu, nám þeirra og velferð. Styrkleiki miðborgarinnar er að hér búa enn fjölskyldur, hér er enn gamalt fólk á gangi, börn að leik. En án íbúa, fjölskyldna og barna verður lítill sjarmi yfir miðborginni okkar. Það er rík ástæða að styðja við íbúahverfið sérstaklega og við skólasamfélagið því blómleg íbúabyggð og fjölskyldulíf í hverfinu er forsenda þess að Miðborgin okkar allra verði fjölbreytt og aðlandi.



4. HVAÐA HÚS ER ÞETTA ?

Spennistöðin sem er áföst Austurbæjarskóla var byggð um miðja síðust öld. Eftir að húsnæðið hætti að þjóna upphaflegum tilgangi sínum var rýmið nýtt sem geymsla og varahlutalager Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrir 16 árum var komið fyrir einingahúsi ofan á spennistöðina, þar eru 4 kennslustofur. Nýting O.R. á húsnæðinu sem lager og geymslu hafði í för með sér talsverða umferð þungavinnutækja m.a. með stórar spólur um skólalóðina. Árið 2011 kvað skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar upp úr um að starfsemi Orkuveitunnar í húsinu samræmdist ekki staðsetningu þess við grunnskóla og Reykjavíkurborg keypti síðan spennistöðina af Orkuveitu Reykjavíkur. Húsnæðið er um 300 m², lofthæð rúmir 7 m. Farið var í lágmarksframkvæmdir og innréttaður stór fjölnotasalur en í anddyri hússins er fjölnotarými sem nýtist jafnt sem smiðja, eldhús og fundarherbergi en síðan taka við salerni og ræstikompa.

5. HÚSRÁÐ

Húsráðið var skipað til tveggja ára í samræmi við samþykkt borgarráðs. Hlutverk ráðsins er að skipuleggja notkun í samræmi við hugmyndafræði hússins utan starfstíma skóla og félagsmiðstöðvar. Allir notendahópar eiga sinn fulltrúa, þess utan var bætt við einum fulltrúi hinna skapandi greina. Húsráð setti saman stefnu eða manifesto Spennistöðvarinnar sem var kynnt í borgarráði og vinnur samkvæmt henni. Ennfremur var stofnaður bakhópur húsráðs sem styður við starfsemina.

Húsráðið fundar mánaðarlega, skipuleggur og ákveður starfsemi og útlán á húsnæði, útbýr reglur um útleigu og umgengni. Húsráðið deilir með sér verkefnum, kemur af stað samstarfsverkefnum og sækir um styrki. Húsráðið tekur ákvarðanir varðandi innbú, kynningarmál og samskipti við S.F.S., U.S.K. og eignaskrifstofuna og er ráðgefandi hvað varðar þróun og uppbyggingu húsnæðisins. Öll minniháttar erindi og bókanir eru afgreiddar í lokuðum fésbókarhóp og bókunarkerfið er rafrænt. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar 100og1 sem situr í húsráði Spennistöðvarinnar ber ábyrgð á bókunum pantana og skráir í bókunarkerfið, sem allir hafa aðgang að. Fulltrúar í húsráði eru tengiliðir við sinn notendahóp og bera m.a. ábyrgð á því að opna húsið og loka og setja kerfið á. Húsráðið hefur sent tvö erindi til skóla- og frístundasviðs, annars vegar varðandi forgang framkvæmda í næsta áfanga og hins vegar varðandi starfseminu en ekkert fjármagn fylgdi verkefninu eins og lagt hafði verið upp með. Sótt hefur verið um styrki til verkefna. Enn er verið er að vinna í að koma upp heimasíðu Spennistöðvarinnar. Þá er unnið er að því að opna húsið meira fyrir íbúum og kynna það betur.

Í viðauka er manifestó Spennistöðvarinnar, umgengnisreglur, leigusamningur, gátlisti vegna frágangs og yfirlit yfir fasta nýtingu í húsinu haustið 2016.

6. HUGMYNDAFRÆÐIN

Samnýting og samþætting. Samstarf stofnana og íbúa í hverfinu. Samnýting húsnæðis og búnaðar. Spennistöðin er skólahúsnæði, félagsmiðstöð unglunga og menningamiðstöð íbúa, allt í senn. Að loknu skóla- og frístundastarfi nýtist húsið fjölskyldum og íbúum í hverfinu.

Organísk þróun og sjálfbærni. Lágmarksaðgerðir í fyrstu. Leyfa húsnæðinu að þróast og mótast af þörfum notenda hússins, byggja það upp í áföngum. Koma á öflugu samstarfi stofnana og einstaklinga um samnýtingu og starfsemi í þágu barna, fjölskyldna og íbúa í hverfinu, nýta kosti fjölmenningslegs skólasamfélags og íbúahverfis.

7. NÝTING

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN 100og1: Það voru stór tímamót í sögu unglunga og ungmenna í miðborginni þann 5. nóvember árið 2014 en þá var opnunin haldin í nýju og betra húsnæði, Spennistöðinni, fyrstu félagsmiðstöð hverfisins í eigin húsnæði. Frá því að félagsmiðstöðin 100og1 var stofnuð árið 2000 hefur húsnæðisvandi spilað stórt hlutverk í frístundastarfi hverfisins sem kom oftast en ekki niður á viðburðum í félagsmiðstöðinni hverju sinni. Loksins var biðin á enda og krakkarnir fengu viðunandi húsnæði til þess að stunda félagslíf sitt en áður fyrr hafði starfsemin farið fram upp í risi Austurbæjarskóla og síðar í færanlegum kennslustofum út á skólalóðinni.

Fyrir félagsmiðstöðina 100og1 skiptir þetta húsnæði sköpum fyrir þá viðburði og það starf sem við stöndum fyrir. Áður fyrr urðum við mun oftast að sníða okkur stakk eftir vexti og bitnaði það á viðburðum sem okkur langaði til þess að bjóða upp á. Sjálfsgæðir viðburðir í félagsmiðstöðvum í kringum okkur eins og klúbbastarfi og fjölbreytni í dagskrágerð voru draumórar hjá okkur í því litla plássi sem við höfðum úr að móða. Með tilkomu Spennistöðvarinnar vorum við loksins komin á svipaðan stað og kollegar okkar í hverfunum í kring og við farin að geta boðið upp á mun meiri fjölbreytileika í starfi okkar en áður þekktist. Stærðin á félagsmiðstöðinni er einn helsti kosturinn sem við státum okkur af í dag en allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þó svo að einhver viðburður sé á dagskrá því húsnæðið býður upp á að hægt sé að stunda fleira en einn viðburð í einu. Það hefur verið mikill stígandi í mætingu og þátttöku í félagslífi 100og1 á þessum tveimur árum sem er mikið fagnaðarefni. Krakkarnir una sér vel í félagsmiðstöðinni og hafa nægilegt pláss til athafna.

Húsnæðið í þessum fyrsta áfanga er fyrst og fremst hús barnanna með áherslur á þarfir þeirra og væntingar. Með því er átt við að við höfum lagt ríka áherslu á að að nemendur skólans hafi rödd um nýtingu húsnæðisins og hvernig viðburði þau vilja halda í félagsmiðstöðinni hverju sinni. Félagsmiðstöðin 100og1 hefur aðgang að Spennistöðinni eftir klukkan 14:00 alla virka daga. En við þjónustum börn og unglinga í 5.-10. bekk í hverfinu. 10-12 ára starf er haldið tvisvar sinnum í viku og skiptist í tvennt. Á mánudögum er opið fyrir 5. og 6. bekk frá 15:30-17:00 og á miðvikudögum fyrir 7. bekk frá 17:00-18:30. Opnanir fyrir 8.-10. bekk eru haldnar á mánudögum frá 19:30-22:00, þriðjudögum frá 14:30-17:00, miðvikudögum frá 19:30-22:00 og annan hvorn föstudag frá 19:30-22:00. Frístundaheimilið Draumaland hefur verið duglegt að nýta sér aðstöðu Spennistöðvarinnar þegar starfsemi 100og1 er ekki í gangi. Það munar miklu fyrir báðar starfseiningarnar að geta samnýtt húsnæðið en mikil aðsókn hefur verið í starf beggja aðila og húsnæðisskortur oftast en ekki verið vandamál sem við höfum þurft að leysa til að láta starfsemi okkar ganga upp.

NEMENDUR: Þetta ár 2014-5 hefur verið mjög viðburðaríkt og skemmtilegt! Við byrjuðum árið í skúrunum en í byrjun nóvember færði 100og1 sig yfir í Spennistöðina. Síðan þá hefur dagskráin verið mun fjölbreyttari og möguleikarnir miklu fleiri í nýja rýminu. Opnanirnar hafa verið af ýmsu tagi, ískvöld, ratleikir, söngkeppnir, danskeppnir, Jólatan, brjóstsykursgerð, borðtennismót, pógosnilld og margt fleira, sem ekki hefði verið mögulegt úti í skúr. Það besta er samt að það hefur líka alltaf verið meira en eitt að gera í einu, sem var eitthvað sem við gátum aldrei í skúrunum. Í Spennistöðinni geta nokkrir verið að horfa á mynd á skjávarpanum á með aðrir eru í pógó og enn aðrir sitja og tala saman í ró og næði. Starfsemin hefur aldrei verið skemmtilegri! (Fulltrúar nemenda á Samhristingnum vorið 2015)

UNGMENNI: Félagsmiðstöðin Vængur hefur verið með opnanir fyrir ungmenni á aldrinum 12-25 ára í Spennistöðinni sl. þrjú misseri. Í vetur eru Vængur með opnun á sunnudögum frá kl. 13.00 til 20.00. Starfið fer fram á pólsku og í vetur er lögð sérstök áhersla á leiklistar- og spilasmiðjur, en þær voru vinsælastar á síðasta starfsári þeirra. Winda, áhugafélag um íslenska og pólska menningu sem rekur félagsmiðstöðina Væng fékk styrk frá samfélagssjóði Landsbankans til að koma á fót félagsstarfi fyrir ungmenni af pólskum uppruna, en félagið vantaði húsnæði. Í október 2015 gerði húsráð Spennistöðvarinnar og WINDA samning um afnot af Spennistöðinni undir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Vængs, þar sem hópurinn gæti stigið sín fyrstu skref.

Winda er ungt félag, en innan raða þeirra starfa sjálfbóðaliðar, fólk með langa og mikla reynslu af fjölmenningu, fólksflutningum, tungumálakennslu, aðlögun í nýjum menningarheimum o.s.frv. Aðalmarkmið þeirra er vinna með ungum innflytjendum, af pólskum uppruna til að byrja með en það er hópurinn sem þau þekkja best. Félagið vill styðja við þau ungmenni sem tala ekki mikla íslensku, eru nýkomin, upplifa félagslega einangrun eða þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Allir eru þó velkomnir að mæta og taka þátt.

SKÓLINN: Austurbæjarskóli hefur afnot af húsnæðinu á skólatíma frá 8.00-14.10. Spennistöðin er forsenda þess að hægt sé að halda tónleika og aðra listviðburði á skólatíma. Nýleg dæmi er td. tónleikar Marimbusveitar frá Hafralæk í Þingeyjarsýslu á vegum AFRIKA FEST. Einnig hafa verið tvö námskeið með tónlist og hreyfingu, sem krafðist töluverðs gólfrymis sem er ekki til staðar inni í skólanum. Sem dæmi hefði ekki verið hægt að taka á móti skólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar núna í október án Spennistöðvarinnar, en hljóðfæraleikarnir eru u.þ.b. þrjátíu talsins og áheyrendur hátt á þriðja hundraðið. Leiklistarkennsla hefur farið fram í Spennistöðinni og æfingar fyrir SKREKK og skemmtanir, jólaböll og árshátíðir eru haldnar í Spennistöðinni. Tónlistarsmiðjur voru á Samhristinginum vorið 2015 og hafa ýmis samstarfsverkefni sérstakleg í tengslum við tónmenntakennslu skólans notið góðs af húsnæði Spennistöðvarinnar. Íþróttakennarar hafa nýtt sér húsið og endrum og eins hafa umsjónarkennarar farið með bekkir eða árganga yfir í Spennistöðina. Skólinn hefur því verið

duglegur að nýta Spennistöðina á sérstökum dögum eða til sérstakra viðburða í skólastarfinu.

FORELDRAR OG BEKKJARSTARF: Foreldrar hafa forgang frá 17-20 á þriðjudögum og fimmtudögum og Spennistöðin hefur verið ágætlega nýtt af foreldrum. Haldin hafa verið barnaafmæli í húsinu og fjölgar þeim stöðugt eftir því sem hróður hússins berst manna á milli. Einnig hafa verið haldin bekkjarkvöld og árgangaskemmtanir þar sem er ýmist spilað, haldið diskó eða grímuball (hrekjavaka). Mikil ánægja er með aðstöðuna í Spennistöðinni. Samkvæmt manifestói Spennistöðvarinnar er ekki greidd húsaleiga fyrir þessa viðburði þar sem þetta eflir félagsandann í bekkjum og árgöngum. Eins og stendur eru það fulltrúar foreldra í Húsráði sem sjá um að opna og loka fyrir afmæli og stundum bekkjarkvöld ef kennarar hafa ekki komið að skipulagi kvöldsins. Þetta gera fulltrúarnir í sjálfböðavinnu og er vitað að þetta fyrirkomulag er ekki endanlegt, sérstaklega ef nýting foreldra á húsinu eykst. Rætt hefur verið nokkrum sinnum í húsráðinu að hafa lágmarksgjald fyrir útleigu til foreldra. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um það en verið er að þróa og þreifa sig áfram með fyrirkomulag útláns og leigu.

ÍBÚAR: Íbúar geta fengið afnot af húsinu þegar það er laust, að loknu skóla og frístundastarfi. Hverfisráð Miðborgar hefur haldið opna fundi ráðsins í húsinu og haldnar hafa verið tískusýningar, tónleikar og dansæfingar sem tengjast íbúum og ungmennum í hverfinu. Íbúasamtök Miðborgar hafa staðið fyrir ýmsum viðburðum t.d leikjadegi, blússmiðju og galdrastafa og flugdrekasmiðju og fleira slíkt er á döfinni á næstunni en markmið þessa verkefnis er að fá íbúa á öllum aldri til að koma saman til að gera eitthvað saman. Í september var haldið málþing um miðborgina þar sem íbúar höfðu orðið og var þar fjallað um sambýlið við ferðapjónustuna. Í nóvember stendur til að halda annað málþing þar sem fjallað verður um aðstöðu barna og unglinga í miðborginni.

Einstaklingar, skólar, félagasamtök og fyrirtæki hafa ýmist fengið leigða eða lánaða aðstöðu, allt eftir eðli starfseminnar sbr. manifestó spennistöðvarinnar. Eftirtaldir aðilar hafa gert fasta afnotasamninga til lengri tíma, mest eina önn í senn:

- **Dans Brynju P** kom að máli við húsráðið og vildi bjóða uppá dansnámskeið fyrir börn og unglinga í Miðborg og Hlíðum. Ásóknin reyndist hins vegar dræm í byrjun en jókst síðan undir vorönnina. Þau eru með tvö námskeið einu sinni í viku í Spennistöðinni. Dans Brynju P. hefur einnig leigt út aðstöðuna undir Street Danseinvígi árlega.
- **Leynileikhúsið** hefur leigt húsnæðið fyrir leiklistarnámskeið ýmist strax að loknum skóla eða um helgar, tvær annir í röð en hætti við helgarleigu í haust vegna dræmra bókana. Tímasetningin kann að hafa skipt máli helgar í stað virkra daga áður.
- **WINDA**, áhugafélag um pólska og íslenska menningu hefur fengið ókeypis afnot af húsinu um helgar fyrir félagsmiðstöðina Væng sem heldur opnar smiðjur fyrir pólsk ungmenni á aldrinum 12-25 ára. Fyrstu önnina bæði laugardag og sunnudag, núna eru þau á sunnudögum frá 13-20.

8. HVAÐ NÆST ?

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN 100OG1: Þó svo að húsnæðið í dag henti vel til tómstundastarfs er það langt frá því að vera fullkomið og margt sem við höfum tekið eftir og rekið okkur á meðan þessi reynslutími hefur verið á húsnæðinu. Þegar skoðuð er skilgreining á rýmisþörf félagsmiðstöðva er margt sem þarf að gera betur í Spennistöðinni. Það eru bæði kostir og gallar sem fylgja því hvað rýmið er opið. Oftar en ekki benda krakkar á að þau óski þess að geta spilað eða horft á þætti án þess að þau verði fyrir truflun frá öðrum viðburðum sem eru í gangi. Aðstæður bjóða vel upp á að mæta þessum óskum með því að búa til fleiri rými/aðra hæð í stað þess að hafa það eitt stórt. Þá er hægt að hafa möguleika á að loka sig af með klúbbastarf eða fundi með ráðum og nefndum nemendaráðsins án þess að það raski eða hafi áhrif á alla starfsemina. Það er þó mikilvægt að loka

ekki öllu af og að við höldum í innsta rýmið þar sem krakkarnir halda böllin. Það vantar mjög mikið einhverja geymslu sem hægt væri að setja stóla, borð og annan búnað sem Spennistöðin á en engin slík aðstaða er til staðar og því er þessi búnaður á víð og dreif um húsið og hefur áhrif á starfsemina. Lýsingin í húsnæðinu er mjög slæm. Mjög bjartar perur og krakkar hafa kvartað yfir því að þau fái hausverk og séu þreytt í augunum af þeirri birtu sem kemur af lömpunum sem núna eru í húsnæðinu. Að fá dimmer á lampana myndi strax auðvelda okkur mjög mikið að stjórna birtu inn í húsnæðinu eftir því hvernig viðburðir eru á dagskrá hverju sinni. Það væri óskandi ef hægt væri að setja upp einhversskonar ljósabúnað/slá sbr. þeim sem eru í mörgum söllum í grunnskólum borgarinnar í rými sem krakkarnir eru með böll, söngkeppnir og aðra viðburði sem krefjast þess að viðunandi ljósabúnaður sé notaður.

Það er ósk starfsmanna í félagsmiðstöðinni 100og1 að Spennistöðin, félags- og menningarmiðstöð mun halda áfram að þróast og vaxa með þarfir notenda í fyrirrúmi og samtal eigi sér stað við notendur húsnæðisins til þess að geta gert aðstöðuna ennþá betri fyrir alla.

NEMENDUR: Fulltrúum nemenda finnst að hægt væri að nýta Spennistöðina meira á skólatíma. Þetta er möguleiki sem þeim finnst persónulega ekki vera nýttur nógu vel. Það væri frábært ef fleiri kennarar myndu nýta sér svæðið og gera hluti sem ekki væri hægt að gera í lítilli kennslustofu og brjóta svolítið upp kennsluna (fulltrúar nemenda á Samhristingnum vor 2015).

SKÓLINN: Til að skólinn geti nýtt Spennistöðina betur en hann gerir í dag þarf að laga lýsingu og gera innangengt frá skólanum. Nú eru komin fleiri borð og stólar sem nýtist öllum aðilum vel. En samnýting skóla, frístundar og íbúa á Spennistöðinni krefst enn frekari skipulagningar, gnægð skápa eða þilja þar sem hægt er að renna verðmætum eða búnaði sem ekki er hugsaður til samnýtingar til hliðar. Í úttekt Fasteignastofu Reykjavíkurborgar um Austurbæjarskóla frá árinu 2004 eru tilgreint nokkur úrlausnarefni sem enn á eftir að leysa. Í Austurbæjarskóla eru skólastofur litlar, þar er enginn ein stór stofa eða salur þar sem kenna mætti tveimur bekkjum eða árgöngum saman til að brjóta upp hefðbundna kennslu. Ennþá vantar rými fyrir unglingana til að geta matast og aðgengi fyrir fatlaða er ekkert. Stjórnunarrýmið og afgreiðsla skólans sem er lítil og þröng hefur ekki verið endurskipulögð eins og lagt er til í skýrslunni. Mikilvægt er að skoðað verði hvort leysa megí eitthvað af þessum brýnasta húsnæðisvanda skólans með tilkomu Spennistöðvarinnar. Þegar farið verður í að byggja milliloft og fleiri rými mætti huga að því að hafa einhvers konar svalir á efri hæðinni, þannig að safna mætti öllum nemendum saman á einn stað, en það er ekki hægt í dag.

FORELDRAR: Foreldrar hafa í auknum mæli fengið húsnæðið að láni fyrir afmæli og bekkjarkvöld. Hugsanlega væri hægt að nýta húsnæðið meira í þágu foreldra, barna og annarra íbúa í hverfinu fyrir hverslags uppákomur, t.d. flóamarkaði og nágrannafundi (t.d. ein gata í einu), hópefli, leiki ofl. ofl. Með aukinni afspurn verður meiri notkun og vonast foreldrar til að húsið verði í stöðugri nýtingu í þágu barnanna.

ÍBÚAR: Íbúar miðborgarinnar eru smámsaman að uppgötva þá möguleika sem Spennistöðin býður uppá. Fyrirspurnum um afnot hefur fjölgað en því miður hefur ekki alltaf verið hægt að bregðast við þeim og er helsta ástæða þess að Spennistöðin er nú þegar vel nýtt og ekki margir tímar á lausu fyrir íbúanna, bara helgar og eitt kvöld í viku. Það væri mjög til bóta ef gerð yrði önnur hæð yfir salernum og eldhúsi því þá væri hægt að hafa tvennskonar starfsemi í gangi í einu, hægt væri að hafa smiðjur eða halda fundi í ýmsum áhugahópum án þess að starfsemi í sal truflaði og á rólegum kvöldum gæti sú aðstaða dugað félagsmiðstöð eða annari starfsemi og hægt væri að losa salinn fyrir stærri uppákomur. Það er vert að geta þess að í miðborginni býr mikið af hæfileikafólki, listamönnum og hönnuðum sem væru viljugir til að deila þekkingu sinni og færni með öðrum íbúum hverfisins.

UNGMENNI: Ungmennni í Reykjavík hafa um árabil óskað eftir því að opnuð yrðu Ungmennahús í hverfum borgarinnar. Hægt væri að opna Ungmennahús í Spennistöðinni ef fleiri afmörkuð rými væru til staðar og einhver lágmarksbúnaður. Einnig gætu félög framhaldsskólanema í hverfinu kannski fengið lánaða aðstöðu til æfinga, en stundum er erfitt að finna æfingapláss fyrir hinar ýmsu keppnir og viðburði. Í Spennistöðinni gæti verið sjálfsprottið starf í bland við skipulagt í samvinnu við Frístundamiðstöðina og huga mætti sérstaklega að unglingum og ungmennum af erlendum uppruna í þessu samhengi, ungu fólki sem er nýflutt og hefur ekki náð góðum tökum á íslensku eða tengst félagslega í skólanum.

FJÖLMENNING, MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI: Í hugmyndafræði Spennistöðvarinna var m.a. gert ráð fyrir því að nýta kosti fjölmennningarlegs skólasamfélags og íbúahverfis og að átthagafélög útlendinga gætu nýtt sér húsnæðið til eflingar félagsstarfs. Áhersluþættir frístundamiðstöðvar Tjarnarinnar eru fjölmenning, mannréttindi og lýðræði. Miklir möguleikar felast í enn frekara samstarfi einstaklinga, félagasamtaka og stofnana í miðborg og ekki síst grasrótahópa nýrra Íslendinga af erlendum uppruna eins og Windu og félagsmiðstöðina Væng sem hafa fengið að stíga sín fyrstu skref í Spennistöðinni og eru að þróa starfsemi sína. Frístundamiðstöðin Tjörnin í samstarfi við skólann og íbúa gæti komið á enn víðtækara samstarfi í takt við sínar áherslur til góða fyrir hverfið og samfélagið í heild.

VIÐAUKAR

Bókun Borgarráðs 18. september 2014

19. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 17. september 2014:

Borgarráð samþykkir stofnun Spennistöðvarinnar, félags- og menningarmiðstöðvar í miðborg Reykjavíkur, í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar að Barónsstíg 32a. Skóla- og frístundasvið fái húsið til umsýslu þann 1. október nk., hafi yfirumsjón með rekstri þess og sjái um að nýting fari fram með viðunandi hætti. Húsnæðið verði nýtt undir kenngjöf fyrri part dags en undir félagsmiðstöð seinni hluta dags og nokkur kvöld í viku. Utan þess tíma yrði húsið laust til notkunar fyrir íbúa og félagasamtök til að efla menningar- og félagsstarf í miðborginni. Skóla- og frístundasviði verði falið að boða til stofnfundar húsráðs sem skipað verði til tveggja ára í tilraunaskyni og hafi það hlutverk að skipuleggja notkun hússins þann tíma sem það er ekki nýtt í skólastarfi. Húsráð verði skipað þeim aðilum sem komið hafa að mótun Spennistöðvarinnar og skal það taka mið af skýrslu um Spennistöðina frá júní 2013 við skipulagningu á því starfi sem fram fer í húsinu. Skóla- og frístundasvið skili skýrslu um verkefnið að tveimur árum loknum.

Útgjaldaauki SFS vegna þessa þessur 1,8 m.kr. vegna innri leigu og 600 þ.kr. vegna orku- og ræstingakostnaðar sem verður fjármagnaður af ófyrirséðu við endurskoðun fjárhagsáætlunar (viðauki). Útgjaldaauka vegna 2015 er vísað til undirbúnings fjárhagsáætlunar vegna 2015. Greinargerð fylgir tillögunni.

Jafnframt eru lögð fram að nýju drög að stefnu Spennistöðvarinnar, umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 11. ágúst 2014, umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 25. ágúst 2014, og skýrsla um Spennistöðina, dags. í júní 2013. R14050146
Samþykkt.

<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-5330>

Álit frá frístundamiðstöðinni Tjörninni

UMSJÓN OG REKSTUR

Þann 1. ágúst 2016 voru frístundamiðstöðvar Kampur og Frostaskjól sameinaðar í Tjörnina, frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Umsýsla með Spennistöðinni fylgdi með í þeirri sameiningu. Stjórnendur Tjarnarinnar hafa haft umsjón með Spennistöðinni í eingöngu 2 mánuði og tekur yfirsýnin mið af þeirri reynslu.

Félagsmiðstöðin 100og1 er með sína starfssemi í Spennistöðinni. Húsnæðismál félagsmiðstöðvarinnar eru í góðum málum miðað við það sem áður var. Ýmislegt þarf þó enn að bæta til að rýmið sé hentugt fyrir félagsmiðstöðvarstarf og í takt við rýmisþarfir félagsmiðstöðva. Vinnuaðstöðu starfsmanna þarf að bæta og taka mið af vinnuverndarlöggjöf.

Frístundaheimilið Draumaland kom inn í Spennistöðina haustið 2016 þegar hún var laus.

Fjármagn fyrir Spennistöðina:

Áætlun 2016		Útkomuspá fyrir 2016	
Tekjur	0	Tekjur	-265.000
Laun	0	Laun	636.788
Ltgj.	0	Ltgj.	157.287
Annar		Annar	
kostnaður	8.671.394	kostnaður	8.359.081
	<u>8.671.394</u>		<u>8.888.156</u>

Kostnaður vegna rafmagns er óljós fyrir árið 2016.

Áætlun 2017	
Tekjur	0
Laun	0
Ltgj.	0
Annar kostnaður	9.104.737
	<u>9.107.737</u>

Ekki er vitað hver innri húsaleiga fyrir árið 2017 verður en áætlun byggist á tölum frá 2015 og 2016.

Tillögur

- ✓ Varðandi útlán og útleigu leggjum við til að fyrirkomulag á því verði líkt og í frístundamiðstöðum og lúti sömu viðmiðum varðandi ábyrgð, umgengni og hverjir eiga kost á að fá húsnæði án endurgjalds.
- ✓ Setja þarf inn í ramma fjármagn fyrir umsýslu og rekstri. Reynolds hefur sýnt að um c.a. 30% starfshlutfall er að fara í þá umsýslu er snýr að Spennistöðinni (laun 1.247.110,- og ltgj. 308.036,- samtals 1.555.146,-)
- ✓ Setja þarf inn í ramma endurnýjun á búnaði og leggjum við til að settar verði 5 milljónir í endurnýjun á búnaði
- ✓ Gjaldskrá vegna útleigu til tómstundaðila þarf að skoða út frá reglum um samkeppni.
- ✓ Draumaland hafi aðgang að Spennistöðinni alla daga sem félagsmiðstöðin nýtir hana ekki frá kl.13.20-17.00.
- ✓ Búnaður og húsið þarf að taka mið af því að yngri börn muni samnýta húsnæðið.

MANIFESTO

Spennistöðin

Menningar- og félagsmiðstöð

Stefna Spennistöðvarinnar:

1. grein: Spennistöðin er fyrir börn, unglinga, ungmenni og aðra íbúa miðborgarinnar

Spennistöðin er ný hugmyndafræði um fjölnotahús, það er skóli, félagsmiðstöð, íbúahús og menningarmiðstöð. Húsnæðið er nýtt undir kennslu fyrri part dags en undir félagsmiðstöð eftir hádegi og nokkur kvöld í viku. Aðra tíma er húsnæðið laust til notkunar fyrir íbúa og félagasamtök til að efla menningarstarfsemi í Miðborginni. Með þessum hætti yrði húsnæði Spennistöðvarinnar iðandi af lífi alla daga vikunnar og um helgar, til að mæta þörfum barna, unglinga, ungmenna og íbúa miðborgarinnar.

2. grein: Húsráð

Við Spennistöðina yrði starfandi húsráð, skipað fulltrúum frá skóla (1), félagsmiðstöð (1), ungmennum (2), nemendaráði (2), foreldrafélagi (1), íbúasamtökum (1) auk fulltrúa hinna skapandi greina (1), alls 9 manns. Hlutverk húsráðs er að ákveða nýtingu og starfsemi og vera ráðgefandi varðandi skipulag, hönnun og framkvæmd við húsið. Húsráð situr tvö ár í senn og hver hópur tilnefnir sinn fulltrúa í húsráðið. Ráðinn verði verkefnastjóri sem framfylgir ákvörðunum húsráðs og er tengiliður milli þess og notenda, sér um bókanir, leiðir hugmyndavinnu og tengir saman hópana í hverfinu.

3. grein: Aðstaða fyrir fjölbreytta starfsemi

Spennistöðin er vettvangur fyrir kennslu, fræðslu, frístundastarf, afþreyingu, viðburði og skapandi starf. Húsnæði Spennistöðvarinnar er ætlað að vera í stöðugri þróun í samræmi við þarfir notenda og að þeir hafi áhrif á framþróun þess.

4. grein: Spennistöðin og tekjur

Spennistöðin er ætluð börnum, unglingum, ungmennum og öðrum sem tengjast Austurbæjarskóla. Frjáls félagasamtök og aðrir aðilar sem koma að málefnum barna, unglinga og ungmenna í hverfinu hafa aðgengi að húsnæðinu sér að kostnaðarlausu. Aðrir, eins og fyrirtæki og fjársterkari aðilar, greiða leigu fyrir afnot af húsnæðinu. Húsráð skal meta hverju sinni hverjir þurfa að greiða fyrir notkun húsnæðisins. Gera skal samning við alla notendur hússins varðandi ábyrgð þeirra, umgengni og frágang á húsnæðinu.

5. grein: Reglur Spennistöðvarinnar

Öll neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er óheimil í Spennistöðinni sem og á lóð umhverfis Spennistöðina. Annars er það bara lögmál Bastíans: Ekki stoðar aðra að svíkja, allan sóma stunda ber en annars geta menn bara lifað og leikið sér.

Framtíðarsýn

Stefnt skal að því:

- Að húsnæðið nýtist öllum íbúum hverfisins sem best og ákvarðanir verði teknar í samráði við þá
- Að starfsemin taki mið af þörfum meginþorra notenda
- Að lokið verði við að innrétta Spennistöðina í áföngum, að hún verði hólfað niður eftir þörfum notenda og byggð önnur hæð yfir hluta húsnæðisins
- Að komið verði upp búnaði þeim sem nauðsynlegur telst í félags og menningarmiðstöð

Húsráð Spennistöðvarinnar
spennistodin@gmail.com

ALMENNAR UMGENGNISSREGLUR FYRIR HÓPA, EINSTAKLINGA OG LEIGUTAKA SEM STARFA Í SPENNISTÖÐINNI

1. Á skólatíma gilda reglur Austurbæjarskólans í Spennistöðinni en á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar 1000g1 gilda reglur hennar.
2. Fara þarf úr útiskóm og geyma í skóhillum nema við sérstök tilefni.
3. Öll meðferð áfengis, tóbaks og vímuefna er bönnuð í Spennistöðinni.
4. Gestum ber að haga sér vel og fara eftir fyrirmælum starfsfólks eða þess aðila sem tekið hefur Spennistöðina á leigu.
5. Leigutakar, starfsfólk og aðrir sem í Spennistöðinni vinna skulu fylgja reglum og kröfum eldvarnaeftirlits og heilbrigðisyfirvalda.
6. Leigutaki hefur aðgang að sameiginlegu alrými og eldhúsi í anddyri. Þar gengur hver frá og skilur við eins og hann vill koma að því. Ganga þarf frá sorpi í sorpgeymslu í skólaportinu. Sé umgengni ábótavant getur húsráð krafist greiðslu fyrir frágang og þrif.
7. Sjá þarf til þess að slökkt sé á öllum ljósum áður en Spennistöðin er yfirgefin. Einnig þarf að slökkva á helstu tækjum og búnaði, svo sem skjávarpa, sjónvarpi og hljómflutningstækjum. Skilja ber við húsnæðið eins og menn vilja koma að því og láta vita þegar einhverju er ábótavant.
8. Leigutaki ber ábyrgð á uppsetningu og frágangi og skal gera það eftir samkomulagi við húsráð. Spennistöðin er fjölnota hús og margt að gerast þar flesta daga. Eitt tekur jafnan við af öðru. Því er nauðsynlegt að umgengni sé góð og í samráði við húsráð og aðra sem húsið nota.
9. Leigutaki ber ábyrgð á skemmdum sem rekja má til hans eða gesta á hans vegum og skal bæta tjón sem hann eða gestir hans hafa valdið.
10. Annars gildir bara lögmál Bastíans: Ekki stoðar aðra að svíkja, allan sóma stunda ber en annars geta menn bara lifað og leikið sér.

HÚSRÁÐ SPENNISTÖÐVARINNAR
spennistodin@gmail.com

Leigusamningur – Spennistöðin, félags- og menningarmiðstöð

Frístundamiðstöðin **KAMPUR, kt 530269-7609** og _____ gera með sér svohljóðandi leigusamning um fjölnota sal Spennistöðvarinnar

Leigutaki fær afnot af Spennistöðinni frá kl: _____ til kl: _____ þann _____

Leiguskilmálar:

1. Ofangreint húsnæði, Spennistöðin verður afhent leigutaka í fullkomnu lagi og skal leigutaki skila því í sama ásigkomulagi og það var við móttöku, að undanskildu eðlilegu notkunarsliti. Ef húsnæðið er skilað í áberandi óhreinu, skal leigutaki greiða aukalega fyrir útkall vegna sérstakrar ræstingar. **Leigutaki hefur kynnst sér þær umgengis- og frágangsreglur sem um húsnæðið gilda.**
2. Leigutaki er ábyrgur fyrir tjóni sem kann að vera á húsnæðinu og fylgihlutum þess, þar með talin sannarlegu tekjumissi Spennistöðvarinnar þann tíma sem viðgerð/lagfæring stendur yfir.
3. Ábyrgð leigutaka nær til þess tíma sem húsnæðið er í umsjón hans.
4. Ef leigutaki er félag, takast þeir aðilar sem undirrita samningum fyrir hönd félagsins á hendur sjálfskuldarábyrgð, sem nemur ógreiddri leiguupphæð og öðrum kostnaði sem fellur á leigutaka samkvæmt samningi þessum.
5. Ef ekki er búið að skrifa undir leigusamning a.m.k 14 dögum fyrir leigutíma getur Spennistöðin leigt húsnæðið út til annarra aðila.
6. Leigutaki hefur kynnt sér leiguskilmála og samþykkir þá með undirstrift sinni.

Reikningur sendir til (nafn og kennitala): _____

Verð: _____ kr

Reykjavík; _____

Dagbjört Ásbjörnsdóttir
F.h Spennistöðvarinnar

F.h leigutaka (nafn og kennitala)

Spennistöðin

Gátlisti áður en farið er úr húsinu

- ✓ Sópið gólfíð
- ✓ Þurrkið af borðum
- ✓ Gangið á salernin og sturtið niður klósettin/pissuskálar ef þarf. Sjáið til þess að allt sé snyrtilegt inn á baði (það þarf ekki að þrifa)
- ✓ Takið með ykkur allt sem þið komuð með
- ✓ Gangið úr skugga um að allar útidyr séu læstar, líta litlu dyrnar á stóru hurðinni
- ✓ Setjið kerfið á og skellið í lás
- ✓ Farið út með ruslið. Lykill af ruslakompu hangir inn í geymslunni á grænu bandi (beint inn af ganginum frá eldhúsinu). Skilið lyklinum á sama stað þegar þið hafið farið út með ruslið. *Ruslakoman er inn í portinu hjá skólanum. Gengið að henni eins og þið væruð að fara inn um aðalinngang að Austurbæjarskóla. Er þar sem hjólarennurnar eru.*

Gangið vel um og skiljið við húsið eins og þið mynduð vilja koma að því.

Húsráð Spennistöðvarinnar

NÝTINGASKEMA – fastir tímar í Spennistöðinni, sept. 2016

Haust 2016	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
8.05 - 8.45	Skólinn	Skólinn	Skólinn	Skólinn	Skólinn		
8.50 - 9.30							
9.35 - 10.15							
10.35 - 11.15							
11.20 - 12.00						10 – 13 Leynileikhúsið	11 - 12.30 Leynileikhúsið
12.05 - 12.45							
12.45 - 13.25	Félagsmiðstöðin 100og1	100og1	100og1	100og1	100og1	13 - 15 OPNAR SMÍÐJUR Íbúasamtaka Miðborgar annan hvern laugardag	13 – 20 OPNAR SMÍÐJUR Félagsmiðstöðvar Vængs á pólsku
13.30 - 14.10							
14.15 - 15.00							
15.00 - 16.00							
16.00 - 17.00						15.45 - 17.45	
17.00 - 18.00						Dans Brynju P.	
18.00 - 19.00							
19.00 - 20.00						18.00 - 22.00	
20.00 - 21.00						Laust annað hvert	
21.00 - 22.00						föstudagskvöld ☺	

Frátekið fyrir bekkjarstarf í Austurbæjarskóla; afmæli, skemmtanir og aðra viðburði fyrir bekki eða árganga í heild – foreldrar og forráðamenn

LAUSIR TÍMAR í spennistöðinni fyrir ÍBÚA og UNGMENNI – allar helgar og annað hvert föstudagskvöld – hafið samband ☺

OPNAR SMÍÐJUR íbúasamtaka Miðborgar "Heil brú" - annan hvern laugardag

OPNAR SMÍÐJUR Windu félags áhugafólks um pólska og íslenska menningu - félagsmiðstöðin Vængur fyrir 12 - 25 ára – fer fram á pólsku

Leynileikhúsið – leiklistarnámskeið fyrir börn 6-10 ára eða 1.-5. bekk

Dans Brynju P. – street dansnámskeið fyrir börn 6-15 ára eða 1.-10. Bekk